

ingar og svo þær birtu það, að stjórnarráðið eftir atvikum hefir ekki neitt á móti því, að samþykka þessa uppástungu.

1870.

21. oktr.

93. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um óspektir enskra fiskimanna.

21. oktr.

Amtmaðurinn í norður- og austurumdæmi Íslands hefir sent hingað útskrift af prófi, sem haldið var við lögreglurétt þingeyjar-sýslu 22. júním. þ. á., og má sjá af því, að enskir fiskimenn frá Grimsby hafa rænt hið frakkneska fiskiskip *Duc de Dalmatie* frá *Boulogne*, sem strandaði þar í sýslu í fyrra, eins og utanríkis-málastjórninni mun kunnugt vera.

Með því það vill nú til ekki allsjaldan í norður- og austur-umdæminu, að enskir sjómenn sýna af sér slíkar óspektir og óeirðir, hefir amtmaður enn fremur, um leið og hann í þessu efni skírskotar til þess, er enskir sjómenn rændu frakkneska fiskiskipið *Emilie*, sem síðast var getið um í bréfi voru til utanríkisstjórnarinnar 10. ágúst þ. á., stungið uppá því, að samningar verði gjörðir við ensku stjórnina, til þess að komist verði hjá þessum óspektum eftirleidis.

Útaf þessu, og sérstaklega samkvæmt innihaldinu í bréfi utanríkisstjórnarinnar 15. nóvbr. f. á.¹, sendum vèr til afnota útskrift af prófinu, snúna á Dönsku.

94. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um flutning á fátæklingi.

25. oktr.

Í bréfi 23. júní þ. á. hafði þær, herra amtmaður, samkvæmt beiðni hins setta sýslumanns í Mýra- og Hnappadalssýslu, skotið til

¹) Í þessu bréfi hafði utanríkisstjórnin mælt til, að fá vitneskju um óspektir og spillvirki enskra fiskimanna á Íslandi.

1870.
25. oktr.

stjórnarráðsins úrskurði, sem þér hafið kveðið upp 7. janúar þ. á., og ákveður, að kostnað þann, sem hefir risið af flutningi Solveigar Einarsdóttur, sem á framfærsluhrepp í Kjósarsýslu, og óskilgetins barns hennar, frá hreppstjóranum í Miðdalahrepp í Dalasýslu til hreppstjórans í Norðurárdalshrepp í Mýra- og Hnappadalssýslu, skuli báðar hinar nefndu sýslur greiða sinn helminginn hvor, samkvæmt opnu bréfi handa Íslandi, um það hvernig borga skuli kostnað þann, sem ris af flutningi á þurfamönnum, 17. apríl 1868.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að með því stjórnarráðið að öllu leyti fellst á ástæður þær, sem úrskurður yðar í þessu máli styðst við, verður hann að standa óraskaður.¹

1) Úrskurður amtsins er svo látandi:

(Bréf til sýslumannsins í Dalasýslu):

Í bréfi 13. þ. m., sem barst hingað ígær, hafið þér, herra sýslumaður, skotið til úrslita amtsins ágreiningi, sem kominn er milli yðar og sýslumannsins í Mýra- og Hnappadalssýslu, um það, hvort kostnaður sá, sem risið hefir af flutningi sveitarómagans, Solveigar Einarsdóttur og barns hennar, frá Miðdalahrepp í Dalasýslu til Norðurárdalshrepps í Mýra- og Hnappadalssýslu, skuli samkvæmt opnu bréfi 17. apríl 1868, 2. grein, borgast af síðar nefndri sýslu, að því er snertir flutninginn frá takmörkum sýslunnar þangað, sem hreppstjórinn í Norðurárdalshrepp á heima, og hafið þér álitid, að svo eigi að vera, en settur sýslumaður E. Theodor Jónasson hefir skorast undan að borga þenna kostnað, sem nær 2 rd., og sér í lagi borið það fyrir, að flutningur á tæðum fátæklingi frá Dalasýslu hafi ekki verið löglegur fyr en komið var til hreppstjórans í Norðurárdalshrepp, og eigi því Dalasýsla að greiða flutningskostnaðinn frá takmörkum sýslunnar til heimilis hreppstjórans

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að amtið verður að fallast á þá skoðun yðar, að engin heimild sé til þess í opnu bréfi 17. apríl 1868, 2. grein, að jafna niður á nokkra sýslu meira af kostnaði þeim, sem ris af flutningi á þurfamönnum, en því, sem leiðir af flutningnum til takmarka sýslunnar; því bæði er það, eins og þér hafið getið, að þessi skoðun er með öllu samkvæm þeim orðum lagabóðsins, sem hér að lúta: «í sýslunni», enda virðist og það, sem fyrir er mælt í öðrum lið greinarinnar, að ef flutningurinn verði sjóveg sýslna á milli, skuli skipta kostnaðinum jafnt niður

95. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiðtsýfir-
valdanna á Íslandi, um þóknun handa bókaverði
við söfn hins lærða skóla og prestaskólans í Reykjavík.

1870.

25. oktr.

Með bréfi 3. p. m. hafið þér, herra stiptamtmaður og þér, háæruverðugi herra, sent hingað tvær bænarskrár, aðra frá skóla-meistararum við hinn lærða skóla í Reykjavík og aðra frá forstöðumanni prestaskólans þar, sína fra hvorum, um það, að hinum setta umsjónarmanni hins lærða skóla, Jóni Árnasyni, verði veitt þóknun fyrir þann starfa, er honum er falinn á hendur, að vera bókavörður við söfn beggja skólanna, og hafið þér stungið uppá, að Jóni Árnasyni verði veittir 50 rd. á ári í þessu skyni fyrir umsjón hans um bækur þeirra safna, er nefnd voru, þannig, að helmingurinn af þessum peningum verði borgaður af því fê, sem veitt er hinum lærða skóla með fjárhagslögum, og hinn helmingurinn af því fê, sem veitt er handa prestaskólanum, annaðhvort af því, sem ætlað er til bóka, o. s. fr., eða af því, sem skólunum er ætlað til ymsra útgjalda.

Um leið og þess skal getið, að mál þetta barst oss í hendur eptir að frumvarpið til fjárhagslaganna var prentað og tilbúið til framlags fyrir ríkisþingið í Danmörk, verður yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið finnur sér ekki fært að taka uppástungu þessa til greina.

á sýslur þær, sem í hlut eiga, nema burt allan efa um þetta efni, þar sem ástæður stjórnarráðsins fyrir þessu lagabóði, (sem eru prentaðar í Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands II., 519) sýna það greinilega, að hin nefnda ákvörðun hafi verið sett meðal annars af því, að það geti ekki verið umtalsmál, að draga takmarkalínu milli tveggja sýslna úti á sjó, en af þessu virðist það vera ljóst, að fara verði eptir takmarkalínunni á landi, þar sem hún er til.

Með tilliti til þessa finnst amtinu það réttast, að Mýra- og Hnappadalssýsla eigi að borga kostnað þann, sem hefir risið af flutungi fyr nefnds fátæklings frá takmörkum Dalasýslu til heimilis hreppstjórans í Norðurárdalshrepp, og hefi eg í dag birt settum sýslumanni E. Theodor Jónassyni þenna úrskurð amtsins.